

Nd.

143. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

- a. Á eftir orðunum „kjarnfóður“ í fyrsta másl. 2. gr. laganna bætist: annað en sildarmjöl og fiskmjöl.
- b. Orðið „sildarmjöl“ í sama másl. fellur niður.
- c. Á eftir 2. másl. sömu lagagreinar bætist nýr máslíður:
Óheimilt er að selja sildarmjöl og fiskmjöl til fóðurs innanlands, nema fram hafi farið flokkun og mat á mjölinu. Tryggingarskírteini skal ætíð fylgja vörunni til kaupanda, þótt minna sé selt en 300 kg. Skal þar tilgreind efna-samsetning mjölsins og umbúðir jafnan merktar verksmiðjumerki.
- d. 10. og 11. tölul. sömu lagagreinar falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefir komið í ljós mjög mikil óánægja meðal bænda viðsvegar um land með það, hve sildarmjöl það, sem selt hefir verið til fóðurs inn-
anlands, hefir reynzt misjafnt og oft gallað. Mörg búnaðarsambönd hafa haft málið til meðferðar, og kom það fyrir síðasta búnaðarþing. Landbúnaðarnefnd hefir svo fengið svo hljóðandi bréf frá Búnaðarfélagi Íslands um málið:

„Búnaðarþing ályktar að skora á Alþingi að setja í lög nr. 28 27. júní 1921 viðbótarákvæði, sem skyldi allar fóðurmjölsverksmiðjur, er starfa í landinu, til að meta og flokka framleiðsluvöru sína þannig, að fóðurmjöl það, sem selt er innan-
lands, hafi sem lágmarkskröfu eftirfarandi innihald:

Eggjahvítu, minnst	65%
Fitu, mest	12—
Vatn, mest	12—
Salt, mest	3—
Ammoníak, mest	0,20—
Meltanlega eggjahvítu ca.	56—

Jafnframt séu þær skyldaðar til að hafa glögga flokkun og verksmiðjumerki á umbúðum.

Ennfremur sé sildar- og karfamjölsverksmiðjum bannað að selja til fóðurs innanlands mjöl, sem ekki fullnægir framangreindum lágmarkskröfum, nema sam-
þykki landbúnaðarráðuneytisins og Búnaðarfélags Íslands komi til.“

Landbúnaðarnefnd taldi rétt að taka þetta erindi búnaðarþings til greina og hefir orðið á einu máli um að flytja framangreint frumvarp.

Nánar í framsögu.